

SKÝRSLA UM VINNU VIÐ KERFISBREYTINGAR Í MENNTASKÓLANUM VIÐ SUND

LOTUBUNDIÐ BEKKJARKERFI



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Menntaskólinn við Sund, Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík

<http://www.msund.is>, sími: 5807300, bréfsími:
5807301, netfang: msund@msund.is

INNGANGUR

Skýrsla þessi er hluti af samningi Menntaskólans við Sund og Mennta- og menningarmálaráðuneytis um þróunarstarf sem gerður var í febrúar 2010.

Árið 2005 var ákveðið að kanna leiðir til þess að gera skólann sveigjanlegri og betri. Markmiðið var að koma í gegn breytingum sem stuðluðu að betra námsumhverfi fyrir nemendur og að betri vinnustað fyrir starfsfólk. Þá var það markmið einnig sett að nýtt kerfi yrði hagkvæmt í rekstri. Eftir margþættan undirbúning sem m.a. fól í sér rannsóknir á þeim úrræðum og því skipulagi sem þegar er við lýði hér á landi, sem og í nágrannalöndum okkar, var ákveðið að smíða nýtt kerfi, lotubundið bekkjarkerfi. Þessu kerfi var ætlað að auðvelda skólanum innleiðingu á nýrri námskrá þar sem áherslan yrði á verkefnatengt nám, náttúrulæsi, menningu og sögu. Nýtt kerfi skyldi einnig byggt þannig upp að nemendur gætu í samræmi við nýja námskrá haft meira að segja um nám sitt og námshraða. Þannig gæti skólinn betur sinnt breiðari hópi nemenda. Hugmyndin að hinu nýja, lotubundna bekkjarkerfi byggði á niðurstöðum rannsókna sem unnar voru fyrir skólann um kosti og galla lotukerfis, áfangakerfis, blandaðs kerfis, og samfellu í námi á milli skólastiga.

Á undirbúningstíma sem og þann tíma sem kerfið var í smíðum naut skólinn stuðnings mennta- og menningarmálaráðuneytis í formi þróunarstyrkja sem og faglegrar ráðgjafar. Þá ákvað skólinn að tilraunakeyra lotukennslu hjá völdum hópi nemenda á fyrsta ári skólaárið 2009-2010 og hlaut skólinn styrk til þess verkefnis frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið þeirrar tilraunar var að kanna styrkleika og veikleika nýja kerfisins. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þeirrar tilraunar í annarri skýrslu skólans til MMR.

Í febrúar 2010 var undirritaður samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti (MMR) um þetta þróunarverkefni. Tengiliður MMR við verkefnið var Björg Pétursdóttir sérfræðingur.

Í 2. grein samningsins er kveðið á um markmið verkefnisins, þar segir:

2. gr.

Markmið og skilgreining á verkefni: Verkefnið felst í því að smíða nýtt kerfi, lotubundið bekkjarkerfi, sem ætlað er að leysa af hólmi núverandi skipulag skólans sem byggir á



Mynd 1. Forsíða skýrslu um Lotukerfi við Menntaskólann við Sund unnin af Ágústi Ásgeirssyni fyrir skólann.

Verklýsing fyrir kerfismið

Verkefnið

Verkefnið er að smíða nýtt kerfi fyrir MS sem er lotubundið bekkjarkerfi. Setja þarf upp kerfi sem nær frá upphafi skólagöngu að framhaldsskólaprófi og frá framhaldsskólaprófi að stúdentsprófi. Kerfið þarf að taka mið af því að;

- nemendur standa misjafnlega við upphaf skólagöngu
- námið fer fram í lotum nema í ákveðnum lykilgreinum og íþróttum
- áhersla er á verkefnatengt nám (learning by doing)
- áhersla skólans er á sögu, menningu og náttúrulæsi
- skil á milli prófatíma og kennslutíma falla burt
- gera þarf ráð fyrir misjöfnum hraða í námi til framhaldsskólaprófs
- gera þarf ráð fyrir að skólastarfið sé sveigjanlegt
- hluti nemenda spólar í kerfinu og því þarf að útfæra leiðir til að koma í veg fyrir blindgötur og brotthvarf úr námi
- kröfur um námsárangur til framhaldsskólaprófs eru aðrar en til stúdentsprófs
- ganga þarf frá kerfi þannig að núverandi húsnæði skólans geti áfram þjónað sambærilegum fjölda nemenda
- nýting hópa verði góð
- öðru sem kann að koma upp í ferlinu og ákvörðun verður tekin um í stýrihóp

(Úr starfslýsingu fyrir kerfismið, Menntaskólinn við Sund, desember 2008)

hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólaárinu verður skipt upp í fjögur lotutímabil en nemendur verða einnig í ákveðnum bekkjargreinum sem ná munu yfir allt skólaárið. Nýja kerfinu er ætlað að halda í helstu kosti bekkjarkerfisins en ná samtímis fram meiri sveigjanleika til þess að geta náð fram markmiðum um að geta sinnt betur verkefnatengdu námi og að geta veitt nemendum möguleika á að haga sínu námi meira í samræmi við námslega stöðu og áhugasvið. Sérstakur kerfisstjóri í samráði við stýrihóp um breytingar á MS mun sjá til þess að kerfið verður tilbúið til keyrslu haustið 2010.

(Menntaskólinn við Sund og Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 12. febrúar 2010)

Skipaður hafði verið í desember 2008 sérstakur kerfismiður sem hafði það hlutverk að gera tillögur að útfærslu á lotubundnu bekkjarkerfi, skoða kosti og galla einstakra leiða og setja fram nothæfa tillögu um lotubundið bekkjarkerfi sem innritaðir nýnemar, haustið 2010, fylgdu. Þetta væru nemendur sem hæfu nám sem skipulagt væri samkvæmt nýrri námskrá.

Þessari vinnu lauk á tilsettum tíma að því marki að fyrir lág útfærsla á kerfinu og stokkatöflu, uppstokkun á tíma til námsmats og möguleikar á nýtingu svo nefnds HOF tíma á milli lotutímabila. Lagt var upp með skipulag lota sem byggði á reynslu af tilraunakeyrlu á lotunámi skólaárið 2009-2010 (sjá mynd 2).

Stundaskrá (stokkur) lotunnar Niðurstaða af fundi með lotukennurum

Kennslust.	MÁN	ÞRI	MÍÐ	FIM	FÖS
1	FUNDUR			X	
2	X			X	
3	X			X	
4		X		LOTUFUNDUR	
5		X		FUNDUR	
6		X			X
7		X			X
8		EKKI			X
9		ADRAR	FUNDUR		
10		GREINAR	FUNDUR		

Mynd 2. Stundaskrá (stokkur) lotu í tilraunakennslu 2009-2010. Glæra eftir Ágúst Ásgeirsson

EINKENNI LOTUBUNDINS BEKKJARKERFIS

Hefðbundin skil kennslu- og prófatíma hverfa í skipulagi skólaársins en engu að síður er áfram gert ráð fyrir að sambærilegur tími verði fyrir námsmat. Lotubundið bekkjarkerfi er blandað kerfi. Ákveðnar greinar eru bekkjargreinar sem kenndar eru allt skólaárið en aðrar eru kenndar í lotum. Hver lota stendur yfir í 8 vikur og eru lotutímabilin fjögur yfir skólaárið og á milli þeirra er svo nefndur HOF tími sem er tími til uppgjors á lotu verkefnatengds náms og til námsferða í bekkjargreinum auk þess sem HOF tíminn er til undirbúnings næsta lotutímabils.

HOF tími er einnig fyrir upphaf fyrstu lotu á skólaárinu og er sá tími notaður til þess að fara með nemendum yfir skipulag og notkun upplýsingakerfa. Gert er ráð fyrir „fallhlíf“ fyrir þá nemendur sem falla í lotu (t.d. hangandi lotur, endurtekt að fullu eða að hluta til).

Endurtektarpróf

Almennt er ekki gert ráð fyrir að endurtektarpróf verði í hinu nýja kerfi. Nemandi sem ekki uppfyllir námskröfur mun í flestum tilfellum þurfa að endurtaka viðkomandi áfanga. Undantekning frá þessu eru þær námsgreinar sem verða skilgreindar sem bekkjargreinar (kenndar yfir allt árið). Uppfylli nemandi ekki námskröfur í þeim áföngum mun hann þurfa að þreyta endurtektarpróf. Fyrirkomulag þessara endurtektarprófa verður með sama hætti og nú. Þau verða haldin á svipuðum tíma og nú er að vori og greiðslur til kennara vegna þeirra verða samkvæmt ákvæðum kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra. Engin endurtektarpróf verða á HOF tíma á milli lota.

Námsferðir og verkefna- tengt nám í bekkjargreinum

Á HOF tíma skapast meira rými fyrir bekkjargreinar en áður til þess að skipuleggja námsferðir og verkefna- tengt nám.

Lotubundið bekkjarkerfi er blanda af lotunámi og hefðbundinni bekkjarskipan (bekkjargreinar). Námsgreinar sem kenndar eru allt skólaárið geta verið mismargar eftir því hvar nemendur eru staddir í námi sínu og á hvaða sérsviði þeir eru. Gert er ráð fyrir því í kerfinu að samhliða upptöku á nýju kerfi komi til framkvæmda markmið um breyttar aðferðir við námsmat sem ritaðar yrðu í nýja námskrá.

LENGD SKÓLAÁRS OG UPPHAF ÞESS OG ENDIR

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi varðandi upphaf og lok skólaárs og að það verði skipulagt innan 9 mánaða tímabils eins og lög, reglur og kjarasamningar gera ráð fyrir.

VIKULEG SKIPTING KENNSLUTÍMA Í LOTUBUNDNUM NÁMSGREINUM

Nemendur sem eru í lotugrein sækja mun fleiri tíma á viku í þeirri grein heldur en kenndir eru í sambærilegri bekkjargrein. Með þessu er verið að auðvelda verkefnatengt nám og nám þar sem krafist er hópvinnu eða gagnavinnslu. Í tilraun með lotukennslu sem fram fór skólaárið 2009-2010 var tímum í lotugrein skipt á fjóra daga. Vikan hófst á tvöföldum tíma, á degi tvö var fjórfaldur tími en þriðja og fjórða daginn voru þrír samfelldir tímar hvorn daginn [sjá Mynd 2]. Í skýrslu skólans til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um tilraun um lotukennslu er gerð grein fyrir niðurstöðum um nýtingu þessara tíma.

Haustönn 2010		Vorönn 2011	
Lota 1	Lota 2	Lota 3	Lota 4
Bekkjargrein 1 (10 FEIN) – Lífsleikni og gagnrýnin hugsun (heimspeki?)?			
Bekkjargrein 2 (10 FEIN) – Sambættar námsgreinar (????)			
Lotugrein 1 (5 FEIN)	Lotugrein 1 (5 FEIN)	Lotugrein 1 (5 FEIN)	Lotugrein 1 (5 FEIN)
Lotugrein 2 (5 FEIN)	Lotugrein 2 (5 FEIN)	Lotugrein 2 (5 FEIN)	Lotugrein 2 (5 FEIN)
Íþróttir (2 FEIN)	Íþróttir (2 FEIN)	Íþróttir (2 FEIN)	Íþróttir (2 FEIN)

Mynd 3. Dæmi um mögulega skiptingu námsgreina í lotubundnu bekkjarkerfi skólaárið 2010-2011. Heimild: Ágúst Ásgeirsson 28.05.2009.

Ekki hefur verið ákveðið um skiptingu námsgreina í bekkjargreinar og lotugreinar fyrir nemendur sem eru á öðru til fjórða námsári. Við útfærslu á fjölda bekkjargreina á hverju námsári verður stuðst við val nemenda um sérhæfingu og hvar í náminu þeir eru staddir.

Vinna að kerfisbreytingunni tók í fyrstu mið af því að til stóð að lengja skólaárið og fjölga nemedadögum. Í upphafi var því reiknað með fjórum lotutímabilum í 50 mínútna stökkum í stað núverandi 40 mínútna stökkum. Frá þessu var síðan horfið þegar ljóst var að miða þyrfti við óbreytta lengd skólaárs. Ákveðið var að fresta innleiðingu á 50 mínútna stökkum þar til hætt væri að keyra tvö kerfi samtímis. Mynd 4. Sýnir mögulega útfærslu á töflu nemenda yfir þriggja vikna tímabil skipt á stokka sem eru 50 mínútna langir sem kynnt var á fundi með starfsmönnum í febrúar 2009. (Menntaskólinn við Sund 19.02.2009).

Lotubundið bekkjarkerfi

	MÁN	MI	MID	FIM	FÖS	MÁN	MI	MID	FIM	FÖS	MÁN	MI	MID	FIM	FÖS
8:00-9:20	B1	B2	B2	B1	B	B1	B2	B2	B1	B	B1	B2	B2	B1	B
9:25-10:15	B1	B2	B3	B2	B	B1	B2	B3	B2	B	B1	B2	B3	B2	B
10:20-11:05	L1	L3	B1	B3	L	L1	L3	B1	B3	L	L1	L3	B1	B3	L
11:10-12:05	L1	L3	L2	L1	L	L1	L3	L2	L1	L	L1	L3	L2	L1	L
12:05-13:05	Hádegis hlé				Hádegis hlé				Hádegis hlé						
13:10-13:25	L2	B3	L3	L2	BL	L2	B3	L3	L2	BL	L2	B3	L3	L2	BL
13:30-14:20	L2	B3	L1	L3	BL	L2	B3	L1	L3	BL	L2	B3	L1	L3	BL
14:25-15:20	BL	BL	BL	BL		BL	BL	BL	BL		BL	BL	BL	BL	
15:25-16:20															

Dæmi um mögulega útfærslu á töflu nemenda í námi til framhaldsskólaprófs

Nám til framhaldsskóla prófs

Már Vilhjálmsen skólinn
Meyraskólinn vél Sævi 71, 400 Akureyri

Mynd 4. Hugmynd að töflu nemenda yfir þriggja vikna tímabil sem kynnt var á fundi með starfsfólki MS 19.02.2009.

INNRIÐUN NÝNEMA

Nemendur verða ekki innritaðir á tiltekna braut þegar þeir koma beint úr grunnskóla. Þeir verða spurðir um áhugasvið og líklegt þriðja tungumál en svar þeirra er ekki bindandi. Gert er ráð fyrir að einkunn úr grunnskóla í kjarnagreinum ráði niðurröðun í byrjunaráfanga (hægferðir).

NÁMSKRÖFUR Í NÝJU KERFI

Gert er ráð fyrir breyttum lágmarkskröfum í einstökum áföngum þannig að lágmarkseinkunn í hverjum áfanga verði 5 í stað 4 eins og er í núverandi bekkjarkerfi. Gert er ráð fyrir að nemandi geti að nokkru stýrt sínum námshraða en til þess að flytjast á milli námsára þarf hann að standast bekkjargreinar. Falli nemandi á bekkjargrein þarf hann að þreyta endurtektarpróf í viðkomandi námsgrein. Falli nemandi í lotugrein þarf hann að taka áfanga á ný eða ljúka honum með viðeigandi hætti samkvæmt nánari ákvörðun skólans hverju sinni.

BRAUTARVAL

Nemendur á fyrsta ári munu velja sér námsbraut og hvaða þriðja tungumál þeir ætla að taka á valdegi á HOF tíma seinni hluta fyrsta námsárs.

ENDURSKOÐUN NÁMSFRAMVINDU - VALDAGAR

Valdagur vegna næsta skólaárs verður að vori. Einnig er gert ráð fyrir valdögum á HOF-tíma á milli fyrstu og annarrar lotu og á milli annarrar og þriðju lotu. Ef námsframvinda nemanda er eins og áætlun gerði ráð fyrir þarf hann eingöngu að staðfesta fyrri val. Ef áhugasvið hefur breyst eða námsframvinda er önnur en gert var ráð fyrir þarf að

endurskoða námsvalið á þessum valdögum. Huga þarf að leiðum (útfærslu) gagnvart óskum um skipti á braut.

VINNUTÍMI KENNARA Í NÝJU KERFI

Í lotubundnu bekkjarkerfi eru vinnuskil kennara með öðrum hætti en í öðrum kerfum. Gert er ráð fyrir uppstokkun á vinnutíma kennara innan skólaársins. Uppstokkunin kemur til vegna breytinga á hefðbundinni skilgreiningu kennslu- og prófatíma og aðskilnaði þessara þátta í starfi kennarans. Í nýju kerfi er, eins og bent hefur verið á, gert ráð fyrir fjórum lotutímabilum sem hvert stendur yfir í 8 vikur. Á milli þeirra er síðan HOF tíminn. Stærstu þættirnir í vinnu kennara er kennsla, undirbúningur kennslu, námsmat og önnur störf. Í núverandi kerfi hafa þessir þættir ákveðið vægi þó svo að þróunin hefur verið sú að einfalda skilgreininguna. Þannig er starfshlutfall kennara, sem eingöngu sinnir kennslu, ekki reiknað lengur út frá heildarvinnustundafjölda heldur vikulegum kennslustundafjölda. Í nýju kerfi, lotubundnu bekkjarkerfi, er gengið út frá því að kennslumagn á bak við stöðugildi verði sambærilegt og verið hefur. Þannig var lagt upp með að bundnir timar í töflu nemenda í áfanga sem væri sambærilegur við 3 eininga áfanga í bekkjarkerfi (5 F-eininga áfangi) væru 12 kennslustundir á viku í átta vikur eða 96 fjörutíu mínútna stundir alls. Í samningaviðræðum við Kennarasamband Íslands vorið 2010 var síðan gengið út frá því að fastar kennslustundir kennara í slíkum áfanga væru 11 á viku í átta vikur samtals eða 88 kennslustundir alls. Í núverandi kerfi (áfanga- sem bekkjarkerfi) er heildarfjöldi kennslustunda á bak við 3 eininga áfanga (jafngildi 5 F eininga) að lágmarki 87 kennslustundir (miðað við lágmarksdagafjölda í kennslu) en í raun er þessi stundafjöldi breytilegur (frá 87 kennslustundum upp í 90) þar sem kennsludagar í framhaldsskólum eru samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands oftast á bilinu 145 til 150 þó svo að dæmi þekkist um mun fleiri kennsludaga. Í lotubundnu bekkjarkerfi er gert ráð fyrir óbreyttri kennsluskyldu á bak við starfshlutfall (24 kst/viku, 23 kst/viku og 19 eða 17 kst/viku hjá þeim sem eru orðnir 60 ára). Í lotubundnu bekkjarkerfi er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum varðandi umfang annarra vinnuþátta kennarans svo sem skyldur varðandi námsmat og önnur störf. Hins vegar kallar nýtt kerfi á breytt vinnubrögð kennara og annarra starfsmanna sem og aðra dreifingu á álagsþáttum en verið hefur. Gert er ráð fyrir óbreyttri skilgreiningu á lengd skólaársins (9 mánuðir) og engum breytingum á viðmiðum varðandi upphaf skólaárs og lok.

EINKENNI	FÁAR NÁMSGREINAR UNDIR HVERJU SINNI – LOTAN TEKUR 8 VIKUR – SÍMAT ALGENGST – VERKEFNATENGST NÁM – RAUNMÆTING Í SKÓLAEINKUNN – LÁGMARKSEINKUNN + 5 – LOTUTÍMABIL 4
Vinna nemenda breytist	<i>Lotubundið bekkjarkerfi</i>
<ol style="list-style-type: none"> 1. 8 vikna tærir 2. Aðeins 3-4 námsgreinar undir í einu 3. Verkefnatengt nám í forgrunni 4. Símat algengt 5. Raunmæting hefur áhrif á einkunn 6. Mismundandi námshraði er mögulegur 	<p>Loturnar Fjórar lotur verða á hverju skólaári. Hver stendur yfir í 8 vikur. Ein námsgrein auk íþróttá verður bekkjargrein hverju sinni</p> <p>HOF tími Hlé er á milli lotna til uppgjörs og verkefnatengds náms svo sem námsferða</p> <p>Lágmarkseinkunn breytist Krafa verður um 5 sem lágmarkseinkunn til að standast áfanga. Falli nemandi þarf hann að endurtaka lotu (ekki námsár)</p> <p>Námstími Gert er ráð fyrir að nemandi sem ræður við fullt nám ljúki námi á 3,5 árum. Þeir sem ráða við meiri námshraða geta lokið námi á 3 árum og þeir sem þurfa meiri stuðning munu þurfa 4 ár til að ljúka náminu</p> <p>Brautskráning Gert er ráð fyrir að brautskrá tvisvar á ári</p>

Mynd 4. Nokkur einkenni lotubundins bekkjarkerfis. Menntaskólinn við Sund 2010.

Í lotubundnu bekkjarkerfi verður kennari í fullu starfi að jafnaði með mun færri nemendum heldur en kennari í bekkjarkerfi í sama starfshlutfalli. Kennari í lotubundnu bekkjarkerfi er einnig að jafnaði með færri námsgreinar undir hverju sinni.

KENNSLUMAGN OG SVEIGJANLEIKI Í VINNUTÍMA Í LOTUBUNDNU BEKKJARKERFI

Gert er ráð fyrir að lotukennari sem fyllir í starfshlutfall sé að jafnaði með tvær lotugreinar undir hverju sinni. Möguleiki er í nýja kerfinu á að dreifa vinnuálagi með öðrum hætti þannig að sum lotutímabil sé kennslumagn minna en meira á öðrum tímabilum. Möguleiki á kennslu umfram starfshlutfall í nýju kerfi ræðst af samsetningu kennslunnar. Kennari getur kennt lotu með öðrum sem er oft æskilegt eins og reynsla af tilraun um lotukennslu hefur sýnt. Kennari getur einnig verið með blöndu af bekkjar- og lotugreinum og því eru möguleikar á yfirvinnu ekki bundnir við það að kenna annað hvort tvær eða þrjár lotur í einu. Möguleikarnir innan kerfisins eru mun fleiri.

VINNUTÍMI NEMENDA Í NÝJU KERFI

Gert er ráð fyrir að nýtt kerfi geti tekið á móti nemendum sem fylgja nýrri námskrá þar er áherslan á vinnuframlag þeirra og áfangar eru skilgreindir með tilliti til kröfu um vinnuframlag þeirra. Vinnutíma nemenda má skipt í þrennt; vinna undir stjórn kennara, önnur vinna í skólanum, nám sem fer fram utan skólans. Hugmyndin er að í töflu nemenda sé gert ráð fyrir tíma til annarrar vinnu í skólanum (tími sem ekki er undir stjórn kennara).

Verkefnatengt nám

Það er stefna skólans að stórauka verkefnatengt nám. Ætlunin er að nýta þau tækifæri sem nýtt kerfi býður upp á til þess að stórauka verkefnatengt nám. Í lotunámi er hægt að vinna með nemendum að verkefnum sem krefjast samfelldari yfirlegu en hægt er að koma við í hefðbundnu námi og HOF tími í nýja kerfinu gefur sömuleiðis tækifæri á að auka verkefnatengt nám í þeim námsgreinum sem verða á ársgrundvelli.



Mynd 5. Skipting vinnutíma nemenda í lotubundnu bekkjarkerfi. Menntaskólinn við Sund 2009.

Þar sem í drögum að nýrri námskrá Menntaskólans við Sund er gert ráð fyrir 220 F-eininga námi til stúdentsprófs, sem dreift yrði á 3,5 ár í stað fjögurra, er gert ráð fyrir nokkri heildaraukningu á daglegu vinnuálagi hjá þeim nemendum sem eru í fullu námi. Ný námskrá gerir hins vegar ráð fyrir að nemendur hafi nokkurt val um eigin námshraða og geti því, kjósi þeir, lokið námi til stúdentsprófs innan annarra tímamarka en þeirra 3,5 ára sem námið er skilgreint. Uppbygging lotubundins bekkjarkerfis er þannig að nemendur eru almennt með fleiri kennslustundir í töflu á viku í hverri námsgrein en eru á móti með mun færri námsgreinar undir hverju sinni. Þegar lotutímabili lýkur liggur fyrir námsmat og gert er ráð fyrir að kennarar skili því af sér á ákveðnum tíma innan hvers HOF tíma þannig að hægt sé að raða á ný í hópa. Gert er ráð fyrir því að nemendur endurskoði áætlun sína um framvindu námsins eftir hvert lotutímabil (komið verði á sérstökum valtíma). Þá hafa þeir tækifæri á að staðfesta þá áætlun sem gerð er í upphafi skólaárs eða breyta áherslum sínum eftir því sem aðstæður og forsendur breytast hjá þeim.

KYNNINGAR Á LOTUBUNDNU BEKKJARKERFI

Skólaárið 2009-2010 stóð skólinn fyrir umtalsverðu kynningarstarfi vegna væntanlegra kerfisbreytinga. Breytingar á skólastarfinu voru kynntar á sameiginlegum kynningum framhaldsskóla fyrir nemendur grunnskólans og foreldra/forráðamanna þeirra. Þá gaf skólinn út tvö kynningarrit vegna þessa. Annað var sérstaklega ætlað námsráðgjöfum grunnskólanna en hitt var frekar ætlað nemendum grunnskóla og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Bæði ritin komu út í mars 2010.

KOSTNAÐUR VIÐ ÞRÓUNARVERKEFNIÐ

Í janúar 2010 veitti Mennta- og menningarmálaráðuneytið Menntaskólanum við Sund styrki til eftirfarandi þróunarverkefna:

Gerð áfangalýsinga og skólanámskrár	3 m. Kr
Kerfisbreytingar, lotukennsla	2,5 m. Kr
Tilraunakennsla	1 m. Kr

Eins og komið hefur fram var 1. ágúst 2009 ráðinn kerfisstjóri til að halda utan um smíði á nýju lotubundnu bekkjarkerfi. Hans hlutverk var að vina að gerð nýs kerfis í samvinnu við verkefnisstjórn um Framtíð Menntaskólans við Sund og skila af sér með formlegum hætti kerfinu tilbúnu til kynningar um áramótin 2009-2010. Styrkur ráðuneytis til kerfisbreytinga, lotukennslu var notaður til að greiða kerfisstjóra laun, til að standa straum af kostnaði við sameiginlega vinnufundi starfsmanna um kerfisbreytingarnar á vorönn 2010, til greiðslu fyrir sérstaka funda stýrihóps og stjórnenda um kerfisbreytingar og til fundarhalda með samstarfsaðilum okkar í Menntaskólanum á Akureyri um kerfisbreytingar.

Notkun styrks til kerfissmíðar haust 2009 til vors 2010 var eftirfarandi:

Laun fyrir vinnu við kerfissmíð m.ltg. frá 1.8.2009-31.12.2010:
1.956.819 kr.

Sameiginlegur vinnufundur starfsmanna um kerfisbreytingar 25.03.2010:
116.450 kr.

Fundir stýrihóps um framtíð MS. Sérstakir fundir um kerfissmíð:
39.520 kr.

Funda og ferðakostnaður stjórnenda vegna funda með stjórnendum MA um kerfisbreytingar:

47.580 kr.

Laun sviðstjóra vegna vinnu að nýju kerfi (ekki sundurliðað)*:
737.440 kr.

Samstals: 2.897.809 kr

- Skólaárið 2009-2010 var starfslýsingu sviðstjóra breytt þannig að meginhlutverk þeirra væri að vinna að framtíðarstefnu skólans sem felur í sér gerð nýrrar skólanámskrár og smíði á lotubundnu bekkjarkerfi. Hér er reiknað með að 40% launa þeirra komi til af vinnu við kerfisbreytingu og 60% vegna vinnu að nýrri námskrá.

LOKAORÐ

Það var mikið áfall fyrir skólann að ekki skyldu takast samningar snemmsumars 2010 við Kennarasamband Íslands um kaup og kjör vegna innleiðingar á lotubundu bekkjarkerfi. Undirbúningur þeirra breytinga hafði staðið yfir lengi og allir starfsmenn skólans tekið þátt í þeirri vinnu. Það er óskandi að þessi vinna eigi eftir að skila sér í breytingum á Menntaskólanum við Sund og að aðrir geti nýtt sér þessa vinnu til að breyta skólastarfi nemendum til hagsbóta.

Menntaskólinn við Sund þakkar ráðuneyti mennta- og menningarmálaráðuneyta kærlega fyrir veittan styrk til þess að smíða og þróa nýtt lotubundið bekkjarkerfi. Jafnframt vill skólinn þakka ráðuneytinu fyrir auðsýndan velvilja, faglegan stuðning og margvíslega aðstoð sem veitt hefur verið. Þetta hefur verið okkur mikilvæg hvatning í breytingaferlinu.

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund,

Már Vilhjálmsson

rektor